

## Viðauki við stofnanasamning, dags. 30. nóvember 2017, milli

### Náttúrufræðistofnunar Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga

Viðauki þessi er milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga og gildir aðeins um félagsmenn þess.

Viðauki þessi varðar ákvæði 4. um grunnröðun starfa.

1. Við ákvæðið bætist eftirfarandi störf og grunnröðun:

#### **Sviðsstjóri I**

*Starfsmaður sem stýrir sviði stofnunar og ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á daglegum rekstri þess í samræmi við rekstraráætlanir, stjórnskipulag stofnunar, samþykkt verkferla og ákvarðanir forstjóra. Sviðsstjóri I sinnir öðrum verkefnum á sviði samhliða stjórnun þess enda sé stjórnun almennt ekki meira en helmingur starfsins.*

*Röðun 31*

*Sjá einnig bókun II og III í stofnanasamningi, dags. 30. nóvember 2017.*

#### **Sviðsstjóri II**

*Starfsmaður sem stýrir sviði stofnunar og ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á daglegum rekstri þess í samræmi við rekstraráætlanir, stjórnskipulag stofnunar, samþykkt verkferla og ákvarðanir forstjóra. Sviðsstjóri II sérhæfir sig í stjórnun umfangsmikils sviðs og sinnir henni fyrst og fremst.*

*Röðun 34.*

*Sjá einnig bókun II og III í stofnanasamningi, dags. 30. nóvember 2017.*

2. Úr ákvæðinu fellur niður starf forstöðumanns deilda.

#### **Gildistími**

Viðauki þessi gildir frá og með 1. desember 2021 og er breyting á stofnanasamningi Náttúrufræðistofnunar Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga sem undirritaður var 30. nóvember 2017.

Reykjavík, 23. desember 2021

f.h. Náttúrufræðistofnun Íslands

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga